

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 655 28. desember 1989.

#### 1. gr.

3. gr. breytist þannig:

a. Liður 0.3.10.7 orðist svo:

Staðfesting/vottorð/ábyrgð frá framleiðanda viðkomandi ökutækis eða óháðum rannsóknaraðila um að það standist kröfur um mengunarvarnir samkvæmt 22. gr. (sbr. EBE tilskipun nr. 70/220 með breytingum nr. 91/441, sænskar reglur A12/A13 eða bandarískar reglur US 87/88 fyrir fólksbifreiðir og sendibifreiðir; EBE tilskipun nr. 70/220 með breytingum nr. 83/351 og nr. 91/441 eða sambærilegar reglur fyrir hópibifreiðir og vörubifreiðir sem búnar eru hreyfli með rafkveikju; og EBE tilskipun nr. 88/77 eða ECE reglur nr. 49.01 eða sambærilegar reglur fyrir hópibifreiðir og vörubifreiðir sem búnar eru dísilhreyfli). Einnig skal tilgreina niðurstöður kolsýrlingsmælingar (CO) í lausagangi bifreiðar sem búin er rafkveikju miðað við uppgefin stilligildi frá framleiðanda.

b. Við 2. mgr. í lið 0.4.2, sbr. reglugerð nr. 282/1990, bætist:

Með fólksbifreið og sendibifreið sem skráð hefur verið erlendis skal þó framvísa staðfesting/vottorði/ábyrgð samkvæmt lið 0.3.10.7.

#### 2. gr.

22. gr. breytist þannig:

a. Liður 0.3.1.1 orðist svo:

*Mengandi efni:* Kolsýrlingur (CO), kolvetni (HC), köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>), ryk (sót).

b. Liður 0.3.1.3 fellur niður.

c. Liður 1.3 orðist svo:

**Útblástur:** Frá bifreið skal ekki stafa ónauðsynlegur sýnilegur reykur og magn mengandi efna í útblæstri skal vera innan settra marka, þótt ósýnileg séu.

d. Liðir 1.3.1 til og með 1.3.4 falla niður og í stað þeirra koma nýir liðir, svohljóðandi:

1.3.1 Við skráningu nýrrar bifreiðar skulu uppfyllt ákvæði um hámark skaðlegra efna í útblæstri samkvæmt mengunarvarnareglugerð.

1.3.1.1 Fólksbifreið og sendibifreið skal standast kröfur um mengunarvarnir samkvæmt EBE tilskipun nr. 70/220 með breytingum nr. 91/441 eða sænskum reglum A12/13 (kafla 3.2, 3.3, 3.5, 4.4, 7.1 – 7.5 og 7.7) eða sambærilegum ákvæðum í bandarískum reglum US 87/88.

1.3.1.2 Þrátt fyrir ákvæði í lið 1.3.1.1 er heimilt að skrá fólksbifreið sem gerð er fyrir 6 farþega eða fleiri eða er meira en 2500 kg að leyfðri heildarþyngd, sendibifreið og torfærubifreið, ef mengandi efni í útblæstri er innan marka samkvæmt EBE tilskipun nr. 70/220 með breytingum nr. 83/351.

1.3.1.3 Hópibifreið eða vörubifreið sem búin er hreyfli með rafkveikju skal standast kröfur um mengunarvarnir við prófun í lausagangi og kröfur um lokaða sveifarhúsöndun samkvæmt EBE tilskipun nr. 91/441, sem samsvarar EBE tilskipun nr. 83/351.

1.3.1.4 Dísilhreyfill hópibifreiðar eða vörubifreiðar skal standast kröfur um mengunarvarnir samkvæmt EBE tilskipun nr. 88/77 eða ECE reg. nr. 49.01 eða aðrar sambærilegar kröfur.

- 1.3.1.5 Hreyfill bifreiðar sem standast skal kröfur í liðum 1.3.1.1, 1.3.1.2 og 1.3.1.3 skal gerður fyrir notkun á blýlausu bensíni. Í bifreið, sem búin er rafkveikju og þrívirkum efnahvarfa, skal koma fyrir merkingu um blýlaust bensín við áfyllingarop eldsneytisgeymis. Merking þessi skal vera á íslensku eða í samræmi við tákn samkvæmt ISO 2575-1982. Stærð áfyllingaropsins skal vera þannig, að ekki sé hægt að fylla eldsneyti á eldsneytisgeymi ef áfyllingarstútur eldsneytisdælu er stærri en 23,6 mm að þvermáli.
- 1.3.2 Bifreið sem er í notkun skal uppfylla eftirfarandi ákvæði.
- 1.3.2.1 Bifreið, sem búin er hreyfli með rafkveikju og þrívirkum efnahvarfa, skal ekki gefa frá sér meiri kolsýrling í útblæstri en 0,5 % miðað við rúmmál og 100 ppm óbrunnins kolvetnis í lausagangi.
- 1.3.2.2 Bifreið, sem búin er hreyfli með rafkveikju og fellur ekki undir lið 1.3.2.1, skal ekki gefa frá sér meiri kolsýrling í útblæstri en nemur 3,5% af rúmmáli.
- 1.3.2.3 Bifreið, sem búin er hreyfli með rafkveikju og skráð fyrir 1. janúar 1991, skal ekki gefa frá sér meiri kolsýrling í útblæstri en nemur 4,5 % miðað við rúmmál. Ef ekki er hægt að stilla hreyfilinn þannig að magn kolsýrlings sé 4,5% eða minna við eðlilegan hreyfilgang er Bifreiðaskoðun heimilt að veita undanþágu frá framangreindu ákvæði að því tilskildu að hreyfill sé eins vel stilltur og hægt er. Bifreið, sem búin er hreyfli með rafkveikju og skráð á tímabilinu 1. janúar 1991 til 30. júní 1992, skal ekki gefa frá sér meiri kolsýrling í útblæstri en nemur 3,5% miðað við rúmmál.
- 1.3.2.4 Sótmenngun í útblæstri bifreiða sem búin er dísilhreyfli má ekki vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:

Flokkur bifreiða:	Skráningar-dagur:	Fjöldi Bosch svertueininga í útblæstri:
Allar nema hópibifreiðir	fyrir 1. jan. 1991	5,0 + 0,3
Hópibifreiðir	fyrir 1. jan. 1991	4,0 + 0,3
Allar nema hópibifreiðir	1. jan. 1991 eða síðar	4,0 + 0,3
Hópibifreiðir	1. jan. 1991 eða síðar	3,0 + 0,3

- 1.3.3 Eftir breytingu á hreyfli eða mengunarvarnarbúnaði við hreyfil skulu þau ákvæði um hámark skaðlegra efna í útblæstri gilda, sem giltu þegar bifreiðin var skráð ný.

### 3. gr.

Heimilt er að skrá bifreið sem flutt var til landsins fyrir 1. júlí 1992 samkvæmt reglum sem þá voru í gildi. Einnig er heimilt að skrá fólksbifreið, sem búin er hreyfli með rafkveikju og þrívirkum efnahvarfa og er yfir 2000 cm<sup>3</sup> slagrymi, samkvæmt EBE tilskipun nr. 70/220 með breytingu nr. 88/76 og bifreið, sem búin er hreyfli með slagrymi minna en 1400 cm<sup>3</sup> og þrívirkum efnahvarfa, samkvæmt EBE tilskipun nr. 70/220 með breytingu nr. 89/458 til 31. desember 1993.

### 4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. júlí 1992.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. nóvember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*